

Fundargerð notendahóps ferðapjónustunnar

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands fimmtudaginn 17. október 2019 milli klukkan 10 og 11.30.

Aðilar frá ferðapjónustunni sem mættu á fundinn voru:

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Ferðamálastofa (2 aðilar)
- Íslandsbanki
- Íslenski ferðaklasinn
- Landsbankinn
- Samtök ferðapjónustunnar (2 aðilar)

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Auður Ólína Svavarsdóttir	Deildarstjóri – Utanríkisverslun
Áslaug Dagbjört Benónýsdóttir	Gæðastjóri
Björn Rúnar Guðmundsson	Sviðsstjóri – Efnahagssvið
Böðvar Þórisson	Sviðsstjóri – Fyrirtækjasvið
Gísli Már Gíslason	Sérfræðingur - Fyrirtækjatölfræði
Hjörvar Pétursson	Sérfræðingur - Fyrirtækjatölfræði
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri - Félagsmálasvið
Magnús Kári Bergmann	Deildarstjóri – Fyrirtækjatölfræði
Ólafur Páll Árnason	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Sigrún Halldórsdóttir	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Svanhvít Eggertsdóttir	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði

Fundarstjóri var Áslaug Dagbjört Benónýsdóttir.

Dagskrá:

1. Kynning á Hagstofunni
2. Umbótahugmyndir notendahóps
 - Hvað erum við að gera vel
 - Hvað má betur fara
 - Nýjar hugmyndir og þeim forgangsraðað
3. Önnur mál

Fundargerð

1. Fundarstjóri bauð fundargesti velkomna og kynnti tilurð og tilgang fundarins ásamt dagskrá. Fundarstjóri sagði fundargestum frá því að Hagstofa Íslands væri þessa dagana í stefnumótunavinnu til næstu 5 ára og væri því niðurstaða þessa fundar gott innlegg í þá vinnu.

Böðvar Þórisson sviðsstjóri fyrirtækjasviðs tók við og fór yfir starfsemi sviðsins á árinu og svaraði spurningum. Böðvar fór m.a. yfir eftirfarandi:

- Skammtímahagvísar
- Gistinætur
- VSK-velta
- Rekstrar- og efnahagsupplýsingar

- Lýðfræði
- Þjónustujöfnuður
- Hliðarreikningar ferðaþjónustu (TSA)
- Vinnumarkaður

Hrafnhildur Arnkelsdóttir sviðsstjóri félagsmálasviðs kynnti starfsemi félagsmálasviðs. Björn Rúnar Guðmundsson kynnti starfsemi efnahagsviðs.

2. Fundarstjóri kynnti verkefni fundarins, umbótahugmyndir. Fundargestir voru beðnir um að skrifa á miða atriði um hvað Hagstofa Íslands **er að gera vel**. Dæmi um það sem kom fram voru eftirfarandi atriði:

- Bílaleiguupplýsingar
- Gistináttatölfræði
- Erlent vinnuafli
- Starfatölfræði
- Aukin sundurliðun
- Skammtímahagvísar
- Aðgangur að tölfræði er til fyrirmyndar

Næst voru fundargestir beðnir um að skrifa á miða **hvað mætti betur fara**. Dæmi um það sem kom fram voru eftirfarandi atriði:

- Talning farþega úr landi
- Meiri sundurliðun upplýsinga
- Meiri sundurliðun í útflutningi á þjónustu meira eftir tegund útgjalda
- Samræming skammtímahagvísar
- TSA er forsenda efnahagslegra upplýsinga
- Tímalegri gögn, sérstaklega TSA
- Upplýsingar um fjárfestingar bílaleiga og þá m.a. hlutdeild þeirra í bílannflutningi hverju sinni
- Mælaborð og Hagstofa tala betur saman

Síðasti liðurinn fjallaði um **nýjar hugmyndir** en það eru atriði sem snúast um hvaða nýjar hugmyndir ætti helst að framkvæma en einnig geta þetta verið atriði undir flokknum „hvað má gera betur“. Fundargestir skrifuðu hugmyndir sína á miða og kynntu þær síðan munnlega í kjölfarið. Í framhaldinu var hverjum og einum útvegað þrjú atkvæði sem hann/hún máttu nota til þess að kjósa um hugmyndir. Sú hugmynd sem fékk flest atkvæði fór efst í forgangs röðunina og svo koll af kolli. Í framhaldinu verður stofnað sérstakt verkefni utan um þetta.

Niðurstaða voru eftirfarandi:

- Efnahagslegur leki í ferðaþjónustu „hvert er eignarhald fyrirtækja í ferðaþjónustu“ (3stig)
- Nýta öll gagnasöfn sem eru til staðar til þess að áætla útgjöld ferðamanna í mánuði niður á þjóðerni (3stig)
- Birta rekstur og efnahag fyrirtækja í undirgreinum (3stig)

3. Önnur mál

Fundarstjóri sagði frá því að næsti notendafundur væri á dagskrá vorið 2020 og þá væri veitt endurgjöf á stöðu verkefna sem varð niðurstaða þessa fundar.